

Ingvar Sigurgeirsson, í samvinnu við kennara,
þróunarhóp og stjórnendur Hrafnagilsskóla

Skýrsla um þróunarverkefni Einstaklingsmiðað og fjölbreytt námsmat



Desember 2007
Símenntun - Rannsóknir - Ráðgjöf
Kennaraháskóli Íslands

© 2007 Ingvar Sigurgeirsson í samvinnu við kennara, þróunarhóp og stjórnendur
Hrafnagilsskóla
Öll réttindi áskilin.
Skýrsla um þróunarverkefni: Einstaklingsmiðað og fjölbreytt námsmat
Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf KHÍ
ISBN 978-9979-793-67-0

Formáli

Þessi skýrsla er byggð á gögnum sem til urðu í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit skólaárið 2006–2007 í tengslum við þróunarverkefni sem stjórnendur og kennarar unnu að um námsmat og bar heitið *Fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat*. Meðal markmiða verkefnisins var að gefa kennurum tækifæri til að þróa námsmatsaðferðir sínar með skipulegum hætti og miðla reynslu sinni til annarra (samstarfsfólks, starfsmanna í öðrum skólum, foreldra). Áhersla var lögð á að auka fjölbreytni í námsmati, einkum aðferðir sem henta í skólastarfi þar sem áhersla er lögð á einstaklingsmiðun. Einnig var stefnt að því að minnka vægi skriflegra prófa.

Verkefninu lauk vorið 2007 með innanhússþingi þar sem kennarar kynntu niðurstöður þróunarverkefna sinna. Jafnframt skiluðu þeir skriflegum skýrslum, sem og afritum af ýmsum námsmatsgögnum sem þeir höfðu unnið. Sú skýrsla sem hér fer á eftir byggir einkum á þessum gögnum.

Eins og sjá má í þessari skýrslu fengust kennararnir við að prófa fjölbreyttar námsmatsaðferðir. Nefna má sýnismöppur, leiðarbækur og dagbækur, leiðsagnarmat, kannanir af ýmsu tagi, óhefðbundin próf af ýmsum gerðum, sjálfsmatsaðferðir, jafningjamat og uppskeruhátíðir, svo fátt eitt sé nefnt. Þá unnu kennararnir ýmsa gátlista og marklista til að nota við upplýsingaöflun og endurgjöf. Í þessari skýrslu eru sýnishorn af þessum gögnum en fleiri er að finna á heimasíðu skólans á þessari slóð: <http://kennsla.krummi.is/>

Verkefnið *Einstaklingsmiðað og fjölbreytt námsmat* var annað af tveimur þróunarverkefnum sem fengist var við í Hrafnagilsskóla skólaárið 2006–2007. Hitt verkefnið heitir *Ég kem í skólann til að læra* og tengist einstaklingsmiðuðum kennsluháttum í 3.–6. bekk, teymisvinnu kennara og aldursblöndun nemenda. Skýrsla (Hrafnagilsskóli, 2007) um þetta verkefni er á heimasíðu skólans á þessari slóð: <http://kennsla.krummi.is/>. Á þessari heimasíðu er að finna mikið efni sem tengist námsmati og er ástæða til að benda lesendum þessarar skýrslu á þau gögn sem þar liggja. Þau hafa einnig verið höfð til hliðsjónar við þessa skýrslugerð.

Ég þakka kennurum skólans þá metnaðarfullu vinnu sem þeir lögðu af mörkum í þessu verkefni og samstarf við ritun þessarar skýrslu. Sérstakar þakkir fá skólastjórnendur, þau Karl Frimannsson skólastjóri og Anna Guðmundsdóttir

aðstoðarskólastjóri, sem báru hitann og þungann að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins, ásamt þremur kennurum skólans, þeim Björk Sigurðardóttur sem einnig er deildarstjóri við skólann, Katrínu Fjólu Guðmundsdóttur sem einnig er stigstjóri og Ólöfu Ásu Benediktsdóttur sem er umsjónarkennari á unglíngastigi. Þær sátu ásamt skólastjórnendunum í stýrihópi verkefnisins og hafa verið óþreytandi við að láta í té gögn og viðbótarupplýsingar.

Í nóvember 2007

Ingvar Sigurgeirsson

Efnisyfirlit

Inngangur.....	6
Markmið.....	7
Framkvæmd verkefnisins	7
Heimsókn til Reykjavíkur	8
Skriflegar áætlanir	8
Innanhússþing	9
Verkefni.....	10
Náms- og sýnismöppur	11
Nokkur dæmi um náms- og sýnismöppur	11
Leiðarbækur	16
Leiðsagnarmat.....	18
Kannanir	20
Óhefðbundin próf.....	22
„Svindlpróf“	22
Heimapróf.....	22
Samvinnupróf	23
Sjálfsmat og jafningjamat	24
Gátlistar, matslistar og marklistar	28
Uppskeruhátíðir	31
Umsagnir og einkunnir	32
Niðurstöður	36
Heimildir	40
Fylgiskjal	41

Inngangur

Í tengslum við skólaþróun undanfarinna ára hefur sú skoðun ítrekað komið fram að mikilvægt sé að þróa námsmat samhliða öðru þróunarstarfi. Námsmat er lykilþáttur í skólasterfi og vægi þess verður seint ofmetið. Jafnframt varð það ljóst við innleiðingu einstaklingsmiðaðra kennsluhátta að vandað námsmat yrði að liggja til grundvallar ýmsum ákvörðunum þeim tengdum. Umræðan innan Hrafnagilsskóla hafði m.a. fjallað um tilgang námsmats og því skýrt í hugum margra að námsmatið þjónaði fyrst og fremst því hlutverki að vera hvetjandi endurgjöf til nemenda og vitneskja fyrir foreldra og kennara um stöðu og framfarir nemenda.

Þróunarstarf í tengslum við námsmat á sér nokkuð langan aðdraganda í Hrafnagilsskóla. Fyrir nokkrum árum hófst umræða innan skólans sem snérist einkum um réttmæti og áreiðanleika námsmats. Birtist hún m.a. í því að ef leggja ætti mat á viðhorf, vinnubrögð eða samvinnu, svo dæmi sé tekið, þá þyrfti reglubundin og vönduð skráning að liggja að baki. Búið var að leggja af sérstaka prófdaga og nokkuð dregið úr vægi skriflegra prófa. Engu að síður byggði stærsti hluti námsmats á hefðbundnum, skriflegum prófum.

Efasemdir höfðu lengi verið uppi meðal kennara um réttmæti þess að skrifleg próf skipuðu svo stóran sess í námsmatinu. Sumir héldu því fram að hvorki þekking, skilningur eða færni væri nægilega vel metið á skriflegum prófum, t.d. hjá nemendum sem ekki væru vel ritfærir. Þannig fengist ekki nægilega góð vitneskja um framfarir eða stöðu margra nemenda og þaðan af síður þjónaði slíkt námsmat sem endurgjöf til þessara sömu nemenda.

Hvatinn að því að takast á hendur þróunarverkefni um námsmat var fyrst og fremst sprottinn af þessum umræðum og vangaveltum.

Sótt var um styrk í Endurmenntunarsjóð grunnskóla og í framhaldi af því ákveðið að stofna til formlegs verkefnis sem standa átti yfir skólaárið 2006–2007. Allir kennarar skólans voru þátttakendur og mikilvægi vandaðs námsmats undirstrikað með því að leggja fram skýrar kröfur um til hvers var ætlast af þátttakendum. Leitað var til Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við Kennaraháskóla Íslands um að taka að sér ráðgjöf við verkefnið. Ingvar ræddi við kennara á undirbúningsfundum vorið 2006, stjórnaði námskeiði þar sem verkefninu var formlega hleypt af stökkunum haustið

2006, heimsótti skólann til að fylgjast með framvindu verkefnanna og tók þátt í innanhússþingi þar sem niðurstöður voru kynntar. Ingvar ritstýrði einnig þessari lokaskýrslu um verkefnið í samvinnu við skólastjórnendur og stýrihóp.

Markmið

Verkefninu voru sett eftirfarandi markmið:

- Auka fjölbreytni í námsmati og minnka vægi skriflegra prófa.
- Kynna og ræða hugmyndir og dæmi um áhugavert skólastarf þar sem námsmat tekur mið af einstaklingsmiðuðum kennsluháttum.
- Gefa kennurum tækifæri til að þróa námsmatsaðferðir sínar með skipulegum hætti og miðla reynslu sinni til annarra (samstarfsfólks, starfsmanna í öðrum skólum, foreldra).
- Skapa vettvang fyrir kennara skólans til að dýpka þekkingu sína á fjölbreyttum og áhugaverðum kennslu- og námsmatsaðferðum, einkum þeim sem henta til að einstaklingsmiða nám og kennslu.
- Efla þekkingu starfsmanna á innlendum og erlendum heimildum um námsmats- og kennsluaðferðir.

Framkvæmd verkefnisins

Strax í upphafi gerðu skólastjórnendur, í samráði við ráðgjafa, áætlun um framkvæmd verkefnisins. Skipaður var stýrihópur til að fylgjast með framvindu verkefnisins og voru í honum auk skólastjórnenda; Björk Sigurðardóttir deildarstjóri, Katrín Fjóra Guðmundsdóttir stigstjóri og Ólöf Ása Benediktsdóttir umsjónarkennari.

Fyrsti áfangi verkefnisins fólst í námskeiði fyrir alla kennara skólans og var það haldið í skólanum 21. og 22. ágúst 2006. Á námskeiðinu, sem ráðgjafi hafði umsjón með, var fjallað um helstu námsmatshugtök, álitamál um námsmat, stefnur og strauma í námsmati og helstu námsmatsaðferðir (sjá t.d. Ingvar Sigurgeirsson, 1999). Þá var lögð áhersla á að kynna aðgengilegar heimildir um námsmat, einkum þær sem aðgengilegar eru á Netinu (sjá einkum Ingvar Sigurgeirsson, 2002–2007). Jafnframt ræddu kennarar ítarlega um námsmatsaðferðir sínar, hvað vel væri gert, hvað betur mætti fara og um helstu sóknarfæri. Að lokum voru lögð drög að einstökum verkefnum.

Myndaðir voru samvinnuhópar sem ætlað var að að skilgreina eigin verkefni sem tengdust markmiðum þróunarverkefnisins og gera áætlun um umfang, framkvæmd og mat.

Á námskeiðinu voru jafnframt lagðar meginlínur um framkvæmd verkefnisins og ákveðið að vinna aðallega með

- námsmöppur (e. portfolio)
- leiðsagnarmat / leiðarbækur / dagbækur
- greiningu á verkefnum nemenda
- sjálfsmat nemenda

Þá var ákveðið að stefna að því að setja upp vefsíður þar sem áætlanir, eyðublöð og verkefni yrðu sett svo efnið yrði aðgengilegt fyrir þá sem hefðu áhuga á að kynna sér efnið nánar eða nýta það. Vefsíðurnar er að finna á þessari slóð:

<http://kennsla.krummi.is/>

Heimsókn til Reykjavíkur

Farið var í heimsókn í sex skóla í Reykjavík og Kópavogi í þeim tilgangi að kynna áhugaverðu námsmati og leiðum sem voru nýmæli fyrir kennara Hrafnagilsskóla. Fóru allir kennarar í ferðina og var hópnum skipt í tvo hópa sem fóru í þrjá skóla hvor. Eftirtaldir skólar voru heimsóttir: Norðlingaskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar, Laugalækjarskóli, Salaskóli, Ölduselsskóli og Ingunnarskóli.

Eftir heimsóknirnar hittist hópurinn með ráðgjafa í Kennaraháskóla Íslands þar sem rætt var um hvernig nýta mætti þá vitneskju sem fékkst.

Skriflegar áætlanir

Þátttakendur skiluðu inn skriflegum áætlunum um þau verkefni sem ákveðið var að vinna að og notuðu þeir form sem ráðgjafi lagði fram til að vinna eftir. Markmiðið var að afmarka með skýrum hætti hvaða áætlanir fólk hafði og jafnframt að setja í horf hvernig að framkvæmdinni yrði staðið. Í framhaldi af þeirri vinnu skiluðu allir áætlun til stýrihóps og kynntu verkefni sín innan hópsins. Verkefnin þurftu að innihalda eftirfarandi þætti:

- Heiti og þátttakendur í verkefninu
- Afmörkun: hvers konar verkefni á að gera?
- Útfærsla: hvaða þætti á að taka í verkefnið, hver á að fá upplýsingar úr matinu, hvenær og á hvaða formi?

- Mat: hvenær og hvernig viðkomandi ætlar að leggja mat á eigin vinnu?

Áætlanir kennara um verkefnin er að finna á heimasíðu verkefnisins á þessari slóð:

<http://kennsla.krummi.is/>

Í lok febrúar, mars, apríl og maí skiluðu kennarar stöðuskýrslu um hvernig miðað hefði í verkefnunum.

Innanhússþing

Lok verkefnisins voru á innanhússþingi 29. maí 2007. Þar fluttu kennarar erindi um verkefni sín, lýstu markmiðum þeirra og þeim leiðum sem farnar voru, lögðu mat á árangur og svöruðu fyrirspurnum. Í tengslum við þessar kynningar skiluðu hóparnir skriflegum skýrslum um niðurstöður til skólastjórnenda.

Við skýrsluskrifin var stuðst við þetta form:

Skýrsla um þróunarverkefnið Fjölbreytt námsmat Hrafnagilsskóli 2006-2007
Nafn verkefnis:
Höfundur/höfundar:
Tímabil:
Árgangur/árgangar:
Stutt lýsing á verkefninu:
Hvað gekk vel?
Hvað hefði mátt fara betur?
Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?
Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?
Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Mynd 1: Eyðublað fyrir skýrslu

Í næsta kafla verður gerð grein fyrir þeim þróunarverkefnum sem fengist var við. Ítarlegri upplýsingar um verkefnið sem og skýrslur kennara og önnur gögn sem unnin voru er að finna á heimasíðu verkefnisins <http://kennsla.krummi.is/>

Verkefnin

Verkefnin sem ráðist var í voru af fjölbreyttum toga. Mörg teymin ákváðu að prófa nokkrar og jafnvel margar aðferðir. Á töflu 1 er yfirlit yfir helstu aðferðir sem prófaðar voru.

Tafla 1: Yfirlit um námsmatsaðferðirnar sem tengdust þróunarverkefni um einstaklingsmiðað námsmat í Hrafnagilsskóla skólaárið 2006–2007

Námsmatsaðferðir	Skilgreining	Árgangur eða námsgrein
Námsmöppur, sýnismöppur, persónumöppur	Nemendur halda skipulega til haga til haga sýnishornum af verkefnum sínum og skrifa um þau. Ýmsar útfærslur voru prófaðar	1. bekkur, 2. bekkur, 3.–4. bekkur, 5.–6. bekkur, 7. bekkur, 9. bekkur, sérdeild
Leiðarbækur, dagbækur	Dagbókarskrif nemenda um námið.	Enska, danska, íslenska
Leiðsagnarmat	Kennarar gefa nemendum tíða endurgjöf og aðstoða þá við að gera sér grein fyrir því hvernig þeir standa í náminu og hvernig þeir geti bætt sig	5.–6. bekkur, íslenska í 10. bekk, danska í 8.–10. bekk, heimilisfræði
Óhefðbundin próf og kannanir af ýmsu tagi	Munnleg próf, samvinnupróf, heimapróf, „svindlpróf“, tveggja daga próf, viðhorfakannanir	3.–4. bekkur, 5.–6. bekkur, samfélagsfræði á unglingastigi, upplýsingatækni
Sjálfsmat nemenda	Nemendur leggja sjálfir mat á námið.	Í öllum bekkjum. Mismunandi námsgreinar eftir bekkjum. Dæmi, íslenska, tungumál, stærðfræði, samfélagsfræði og textílmennt.
Jafningjamat	Nemendur meta verkefni skólafélaganna með formlegum hætti	3. og 8. bekkur
Gátlistar, matslistar og marklistar	Tæki til skráningar á námsmati, við sjálfsmat, jafningjamat og endurgjöf	1. og 2. bekkur, 3.–4. bekkur, 5.–6. bekkur, heimilisfræði, íþróttir, sund, textílmennt, tónmennt
Uppskeruhátíðir	Nemendur sýna félögum, foreldrum eða öðrum afrakstur vinnu sinnar	Sýnismöppudagur í 3.-6. bekk, foreldravöld í 3.-9. bekk.
Umsagnir í stað einkunna	Kennarar gáfu nemendum umsagnir í stað talnaeinkunna	Myndmennt, heimilisfræði, tónmennt og textílmennt.

Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um þessar aðferðir og dæmi gefin um útfærslur.

Náms- og sýnismöppur

Eins og sjá má á töflu 1 gerðu margir kennarar tilraunir með námsmöppur og sýnismöppur. Möppurnar voru notaðar með nemendum á ýmsum aldri og í mörgum námsgreinum. Einnig voru reynd ólík form (sjá nánar hér á eftir). Möppurnar voru gjarnan notaðar í foreldraviðtölum og einnig tóku foreldrar í nokkrum tilvikum þátt í að meta efnið í möppunum. Sérstaklega má nefna svokallaðan *sýnismöppudag* (sjá bls. 14–15 í þessari skýrslu) en þá sýndu nemendur foreldrum sínum afrakstur námsins.

Nokkur dæmi um náms- og sýnismöppur

Nemendur í fyrsta bekk söfnuðu saman völdum verkefnum með aðstoð kennara (sýnismappa). Byggt var á þeirri hugmynd að safnað væri í möppuna þannig að þegar fram liðu stundir gæfi hún góða mynd af þroska- og námsferli nemandans. Í tengslum við sýnismöppurnar voru einnig notaðir gátlistar, marklistar og sjálfsmat nemenda.

Í möppuna fóru eftirfarandi gögn:

- Tvö verkefni úr textílmennt og tvö úr tónmennt
- Verkefni úr samfélagsfræði
- Verkefni sem nemandinn valdi sjálfur
- Mat á bókaáhuga og lestri
- Áhugasviðskönnun
- Myndir af nemandanum
- Bekkjarmyndir og nafnalisti
- Sjálfsmyndir frá hausti og vori
- Yfirlit um frammistöðu í lestri og sýnishorn af skrift
- Tvö stærðfræðiverkefni

- Verkefni úr sögubók

Í 7. bekk söfnuðu nemendur ákveðnum íslenskuverkefnum saman í námsmöppu.

Markmiðið með námsmöppunni var skilgreint svona:

- Útbúa heimildasafn
- Gera nemendur ábyrgari fyrir námi sínu
- Gera nám og framfarir sýnilegri
- Gera nemendur, kennara og foreldra meðvitaða um hvaða aðstoðar er þörf.

Á haustönn var safnað í möppuna með hliðsjón af þessum lista:

- Umsögn um eina lesna bók á önninni
- Tvö skriftarverkefni
- Tvö stafsetningarverkefni, þ.a. eitt heimaverkefni
- Eitt eða tvö ritunarverkefni, gjarnan myndskreytt
- Málfræðiverkefni – sýnishorn af prófi eða ljósrít af verkefni úr námsbók
- Greining á ljóði
- Sýnishorn af frumsömdu ljóði
- Umsögn foreldris um valið verk úr möppunni
- Umsögn nemanda um valið verk úr möppunni. Dæmi um spurningar: Af hverju gerðir þú það svona, hver er kveikjan að verkinu og hvað finnst þér um það?
- Áhersla var lögð á að mappan væri með persónulegri skreytingu nemandans og aðstoðaði textílkennari við útfærslur.

Í 9. bekk átti námsmappan að byggjast á fimm til sex köflum eftir þessum útlínum:

Hvað vil ég?

- Markmið mín í námi
- Hverjir eru mínir helstu styrkleikar sem nemandi?
- Hvað í náminu reynist mér erfitt/erfiðast?

Hver er ég?

- Ég og samskipti við skóla
- Hvernig læri ég?
- Hver eru mín helstu persónueinkenni?

Hvað kann ég?

- Ígrundun, skráning og mat
- Sýnishorn af vinnu og rökstuðningur
- Dæmi úr skólaverkefnum
- Mat á samskiptum frá starfsmanni skóla

Uppáhaldið mitt

- Uppáhaldsnámsgrein, upphaldskakan. Myndir af fjölskyldunni

Þetta eru þrjú dæmi af mörgum um notkun námsmappa. Fleiri dæmi er að finna á heimasíðu verkefnisins: <http://kennsla.krummi.is/>

Mat kennaranna á reynslunni af því að nota námsmöppurnar var í meginatriðum jákvætt.

Kennarar nefndu m.a. að þær stuðluðu að því að þeir hefðu betri yfirsýn yfir vinnu og framfarir nemandans. Fram kom að nemendur sýndu námsmöppum yfirleitt mikinn áhuga og að möppurnar ýttu undir aukinn metnað í náminu, nemendur væru meðvitaðri um framfarir sínar í námi og hegðun og eru jákvæðari gagnvart öllu námi.

Sem dæmi um reynsluna af notkun námsmöppu má nefna þessa lýsingu kennaranna Bjarkeyjar Sigurðardóttur og Ólafar Ásu Benediktsdóttur í skýrslu um reynsluna af þessari tilhögun:

Hvað gekk vel?

Námsmöppugerðin gekk mjög vel framan af fyrir lang flesta nemendur. Nokkrir nemendur með námsörðugleika gátu þó ekki tileinkað sér þau vinnubrögð sem þurfti til þess að ná tökum á námsmöppunum. Þeir nemendur sem náðu góðum tökum ... nutu sín vel í þessari vinnu og virtust njóta þess að þæla, t.d. í námsvenjum, persónueinkennum og styrkleikum sínum. Nemendum virtist almennt finnast gaman að safna góðum verkefnum á einn stað ... Flestum nemendum fannst gaman að vinna að kafla 5, Uppáhaldið mitt, og nutu þess að velja sér viðfangsefni til umfjöllunar.

Hvað hefði mátt fara betur?

Nokkrir nemendur bekkjarins virtust alls ekki ráða við gerð námsmöppunnar (þrír til fjórir af 22). Þeir sáu engan tilgang með þessari vinnu, gátu ekki haldið utan um verkefnið sín og skipulagt möppuna. Við hefðum þurft að gefa aðeins meiri tíma í möppunni um miðbik vetrar en það var þá sem áhugi nemenda á möppunum dalaði.

Það hefði verið gaman að halda möppudag þar sem foreldrar kæmu og skoðuðu möppur barna sinna.

Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Það er hægt að nota þetta form á námsmöppum aftur en það er nóg að láta hvern árgang vinna svona möppu aðeins einu sinni. Við teljum gott að nemendur vinna þessa námsmöppu í 8. eða 9. bekk þar sem síður er tími í 10. bekk til að vinna þessa vinnu og gott að nemendur hugsi um styrkleika sína og veikleika, námshætti og venjur snemma á unglingsstigi. Betra væri að vera búin að skipuleggja formið á möppunni sérstaklega fyrir nemendur með námsörðugleika. Kannski geta nemendur með alvarlega skipulags- og námsörðugleika ekki unnið svona námsmöppur?

Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Flestir nemendur voru jákvæðir í garð námsmappanna og lögðu sig fram. Stelpunum fannst mjög gaman að „föndra“, þ.e.a.s. að finna myndir af áhugamálum, fjölskyldu og vinum og skreyta möppuna. Margir strákar fundu sig einnig í þessum hluta, en áberandi var hve mikið þeir notuðu tölvutækni til skreytinga. Möppurnar voru mjög ólíkar og augljós munur eftir kynjum, án þess að sá munur hafi áhrif á gæði mappanna.

Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Vinnan við námsmöppunna er góð aðferð til að kenna nemendum að skipuleggja sig og halda námsgögnum sínum til haga. Tilgangur með möppunum var einnig að fá nemendur til að hugsa um námshætti sína, persónueinkenni, styrkleika og sóknarfæri í námi. Þetta tókst hjá mörgum nemendum og kennarar lærðu mikið um nemendur í gegnum þessi verkefni og ígrundanir. Möppurnar giltu til einkunnar í íslensku, 20% á haustönn og 25% á vorönn. Ýmislegt í möppunni hafði áður gilt til lokaéinkunnar.

Skýrt kom fram að möppurnar nýttust vel í foreldrasamskiptum. Foreldrar væru jákvæðir gagnvart möppunum og sýndu þeim áhuga. Þeim þætti gaman að skoða sýnismöppur barna sinna og sjá hvað þeim færi fram í náminu. Þetta kom sérstaklega skýrt fram í tengslum við sýnismöppudagana þegar nemendur kynntu möppurnar sínar fyrir foreldrum.

■ Sýnismöppudagur á miðstigi

29.05.2007 - 08:47

Í tengslum við námsmat í 3.- 6. bekk buðu nemendur foreldrum sínum í skólann til þess að skoða sýnishorn af þeim verkum sem þeir hafa unnið í vetur. Nemendur hafa safnað ákveðnum verkefnum í sýnismöppu og þurftu að rökstyðja val sitt á þeim.

Einnig settu nemendur sér markmið fyrir komandi skólaár og ígrunduðu eigin getu. Nemendur stjórnuðu viðtali við foreldra sína þar sem fram fóru jákvæðar umræður um skólagönguna. Dagurinn tókst í alla staði vel og voru nemendur, foreldrar og ekki síður kennarar ánægðir með daginn.

[Prenta](#)



Mynd 2: Frétt um sýnismöppudag á miðstigi af heimasíðu skólans

Eitt foreldranna, sem heldur úti bloggsíðu, sá t.d. ástæðu til að fjalla um þetta á bloggsíðu sinni með þessari færslu:

1.6.2007 | 07:11

Jakob og Sara -Skólinn búinn!!

Í dag er síðasti skóladagurinn hjá Jakobi Atla og Söru svo nú geta þau hoppað frjálts út í sumarið 😊

Í gær var sýnismöppudagur hjá þeim í skólanum (Hrafnagilsskóli, Eyjafirði) en þá tóku þau á móti foreldrum sínum og sýndu okkur ýmis verkefni sem þau hafa verið að vinna að frá því þau hófu skólagönguna. Gott framtak og skemmtilegast var hvað þau nutu sín vel við þessa athöfn.

Þeim líður greinilega vel í skólanum og eru ánægð með lífið!

☆☆☆☆☆ Vinir og fjölskylda | Slóð | Athugasemdir (0)

Mynd 3: Bloggfærsla foreldris eftir heimsókn í skólann á svokölluðum sýnismöppudegi

Mat kennara í tengslum við þennan sýnismöppudag var m.a. að þessi tilhögun hefði jákvæð áhrif á metnað nemenda gagnvart verkefnum sínum. Þeir væru líklegir til að leggja sig enn betur fram.

Varðandi galla eða erfiðleika í tengslum við náms- og sýnismöppur nefndu kennarar helst að sumum nemendum hefði veist erfitt að halda reiðu á gögnum sínum. Brýna þyrfti fyrir mörgum nemendum að halda vel utan um verkefni sín. Nauðsynlegt væri að afmarka þetta viðfangsefni vel í upphafi og styðja nemendur með námserfiðleika sérstaklega við þessa vinnu.

Leiðarbækur

Leiðarbækur (dagbækur) voru m.a. notaðar í ensku í 7.–9. bekk og í dönsku í 9. bekk.

Í ensku voru leiðarbækur yfirleitt færðar í upphafi kennslustunda. Kennarinn skráði lykiltríði á töflu með hliðsjón af umræðum við nemendur:

- Markmið námsins
- Eigin markmið fyrir önnina
- Vikudag
- Dagsetningu
- Hugleiðingu dagsins: veðrið, líðan, hádegismaturinn, eitthvað skemmtilegt sem hafði komið upp, afmælisbarn eða -börn dagsins o.fl.
- Niðurstöður verkefna eða prófa; eigin ígrundun um hvernig gekk
- Skrifleg vinna í tímum og heimavinna
- Upprifjun verkefna, t.d. eftir áhorf á kvikmynd, verkefni frá fyrri tímum, vettvangsferðir eða athyglisverða atburðir í samfélaginu/heiminum.

Þessi aðferð gekk yfirleitt vel eins og sjá má í skýrslu kennarans, Kristínar Kolbeinsdóttur:

Hvað gekk vel?

Vinnan gekk mjög vel í 7. og 8. bekk og skráðu nemendur jafnt og þétt í bækurnar sínar. Ígrundun gekk oftast vel. Í 9. bekk virkuðu bækurnar mjög vel til hugleiðinga og eigin ígrundana eftir verkefnavinnu og próf. Útbúinn var marklisti við mat á leiðarbókunum sem er nýbreytni og gagnaðist hann vel.

Hvað hefði mátt fara betur?

Kennari þarf að vera mjög staðfastur í að byrja hvern tíma á notkun bókanna og ganga eftir því að nemendur skrái í þær. Í 9. bekk var skráningin sjaldnar vegna þess að kennari stýrði ekki vinnunni alla daga. Þarf að vinna markvisst að því að nemendur tileinki sér notkun bókanna án stýringar þegar þeir eldast, sérstaklega sem tæki fyrir sjálfsmat og ígrundun á eigin námi.

Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Bækurnar verða notaðar áfram og enn meiri áhersla lögð á ígrundun nemenda og eigin skráningu þeirra. Þarf að setja inn lista yfir þau atriði sem eiga að koma fram í bókinni þannig að nemendur geti stýrt vinnunni meira sjálfir.

Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Þetta er svo sjálfsagður hluti af náminu að nemendur minna kennara á ef hann sleppir því að skrá í bókina. Þeim finnst flestum sérstaklega gaman að fá að skreyta bækurnar og gera þær fallegar og skrifa hugleiðingar og verkefni frá eigin brjósti.

Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Bókin gildir alltaf sem hluti af einkunn og nemendur umgangast hana með tilliti til þess. Ég hef notað þessar bækur síðan ég byrjaði að kenna ensku í Hrafnagilsskóla árið 2001 og smápróað þær til þess sem þær eru í dag. Þær hafa ekki breytt námsmatinu heldur skráningu þess fyrst og fremst.

Í dönsku í 9. bekk var byggt á dagbók. Upphaf þess mátti rekja til matsfundar sem umsjónarkennarinn, Ólöf Ása Benediktsdóttir, hélt með nemendum þar sem rætt var um námið, hvað hefði gengið vel og hvað mætti betur fara. Ein af niðurstöðum fundarins var að flestir þyrftu að bæta sig í ritun í dönsku. Með hliðsjón af þessu ákváðu kennari og nemendur í sameiningu að búa til dagbækur sem nemendur myndu skrifa vikulega í hina ýmsu texta, oftast dagbókarfærslur um hvað þeir hefðu gert þá vikuna. Stundum voru einhver efni ákveðin fyrirfram af kennara, t.d. „Min bedste ven/veninde“, „Min familie“ og „juleferien“.

Nemendur útbjuggu dagbækurnar sjálfir eftir fyrirmynd frá kennara. Stuðst var við skjal með ýmsum spurningum sem nemendur könnuðust við úr hinum ýmsu skóladagbókum. Spurningarnar voru hafðar fremst í dagbókinni, en nemendur réðu að öðru leyti útliti bókanna og gerðu á þær forsíður og gengu frá þeim að öðru leyti. Mat kennara var að þetta skipti miklu máli, þ.e. að nemendur fengju að útbúa bækurnar sem mest sjálfir.

Föstudagstímar voru sérstaklega notaðar til skrifanna. Nemendum fannst gaman að vinna í bækurnar og lögðu sig fram um að gera þær persónulegar, frumlegar og fallegar. Sumir unnu allan texta í tölvum og límdu inn í bækurnar, aðrir skrifuðu beint í þær. Allir nemendur myndskreyttu bækurnar.

Þessi vinna tókst mjög vel að mati kennarans og að nemendur hefðu bætt sig mjög í ritun, en helstu markmið verkefnisins voru:

- Að bæta ritunarþátt nemenda í dönsku.

- Að þjálfari nemendur að skrifa stutta texta frá eigin brjósti.
- Að vinna með nýjan orðaforða hverju sinni í öðru samhengi en grunnbækur bjóða upp á.
- Að auka ábyrgð nemenda á dönskunámi sínu.
- Að mæta einstaklingsþörfum nemenda innan bekkjarins.

Á matsfundi með nemendum að vori 2007 kom fram að lang flestum fannst þeir hafa bætt sig í ritun og ættu nú auðveldara með að skrifa frjálsan texta. Mat kennara var að ábyrgð nemenda á náminu hefði aukist. Það sást m.a. á því hvernig nemendur umgengust dagbækurnar og hvernig þeir unnu í þeim. Allir nemendur voru virkir í þessum tímum og á því var engin undantekning. Dagbækurnar giltu 20% af lokaeinkunn í dönsku (sjá matsblað), einnig var vinna í tímum metin í vinnueinkunn.

Dagbók danska 9. bekkur

Dagbók—20% af lokaeinkunn

Danska vor 2007

Innihald Dagbókar:

Í Dagbókinni eiga að vera að lágmarki 5 dagbókarfærslur og/eða textar. Dagbókin skal vera snyrtileg, vönduð og persónuleg í alla staði. Einnig meta kennarar vinnu nemenda í dagbókunum á önninni.

5 færslur	30		
Efnislegt innihald	20		
Frágangur	15		
Persónulegar upplýsingar (hvítu blöðin)	15		
foriða	10		
Myndskreytingar	10		
Heildarniðurstaða	100		

Einkunn og umsögn:

Mynd 4: Vitnisburðarform (matsblað) fyrir dagbók í 9. bekk

Eins og sjá má var þessi reynsla af leiðarbókunum góð og margir kennaranna hafa hug á því að prófa sig með þær áfram.

Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmat var notað í auknum mæli í flestum árgöngum. Matið tengdist m.a. náms- og sýnismöppum sem og áætlanagerð.

Dæmi má nefna úr 2. bekk þar sem reglulega var rætt við nemendur um frammi-
stöðu þeirra í náminu, m.a. með því að bera saman verkefni sem lokið var við í 1.
bekk við vinnu þeirra nú. Þá héldu nemendur vikulega áformsbók þar sem þeir þurftu
að meta hvernig þau ætluðu að standa sig í samskiptum. Einnig þurftu nemendur að
skipuleggja heimanám sitt yfir vikuna í samvinnu við foreldra og skrá það í áforms-
bókina. Í áformsbókinni merkti barnið einnig við í hvaða námsgreinum það vann yfir
daginn.

Rætt við nemendur um hvað kennari væri sérstaklega ánægður með og eins hvernig
bæta mætti það sem verr gengi. Hrósi var beitt á markvissan hátt til að auka færni
nemenda. Í foreldraviðtali í október settu nemendur sér markmið þar sem hver og
einn valdi eitthvert atriði sem hann vildi bæta sig í (nám eða samskipti).

Í þróunarverkefni skólans í 3.–6. bekk, *Ég kem í skólann til að læra*, létu kennarar
nemendur áætla vinnu sína einu sinni í viku. Nemendum var skipt í aldursblandaða
umsjónarhópa og hittu umsjónarkennarar hópa sína einu sinni í viku til að aðstoða
nemendur við áform sín og var þá leitast við að efna til umræðu við þá um hvernig
námið gengi. Sýnishorn af áformsblöðum er að finna á heimasíðu
þróunarverkefnisins á þessari slóð: <http://kennsla.krummi.is/>

Leiðsagnarmat tengdist einnig vinnu nemenda að verkefnum á áhugasviði þeirra.

Hálfsmánaðarlega fengu nemendur tvær kennslustundir til að vinna að verkefni að
eigin vali og er gerður um það sérstakur samningur þar sem nemendur áætla vinnu
sína og setja fram spurningar sem þeir ætla að leita svara við. Einu sinni í mánuði
eru haldnar kynningar á verkefnunum og fá nemendur mat kennara sinna á því
hvernig til hefur tekist.



Ég kem í skólann til að læra



Mat á áhugasviðsverkefni

1. Vinna eftir áætlun.
2. Er verkefnið fræðandi?
3. Frágangur og uppsetning.
4. Framsögn.
5. Umsögn
6. Áhugi og vinnusemi í tímum.
7. Framsetning:
 - upphaf, miðja,lok.
 - skipulag (verkaskipting)



Mynd 5: Mat á áhugasviðsverkefni.

Fleiri dæmi um gögn sem kennarar Hrafnagilsskóla nota í tengslum við þessi verkefni er að finna á heimasíðu þróunarverkefnisins *Ég kem í skólann til að læra* á þessari slóð: <http://kennsla.krummi.is/>

Enn má nefna dæmi um heimilisfræði en þar fengu nemendur endurgjöf í lok hvernar kennslustundar. Annars vegar bað kennari nemendur um mat þeirra á verkefninu og kennslustundinni. Hins vegar gaf kennari nemendum umsögn, sem einnig var skráð inn á gátlista, um það hvernig honum fannst verkefnið hafa gengið. Lagt var mat á vinnubrögð, þar með talið vandvirkni og svo frágang í lok kennslustundar.

Kannanir

Gerðar voru tilraunir með ýmsar útfærslur á könnunum.

Í 3.–4. bekk var stuttum könnunum fléttað inn í íslenskukennsluna. Ef jákvæðar niðurstöður fengust gátu nemendur haldið áfram með næsta þátt. Ef ekki unnu þeir betur í itarefni og reyndu síðan aftur við könnunina. Þetta var bæði framkvæmt skriflega sem og munnlega og gaf þetta fyrirkomulag góða raun. Mat kennaranna var að þetta hefði eflt skilning nemenda á markmiðum og á stöðu sinni gagnvart þeim.

Í stærðfræði í 5. og 6. bekk var námsefnið skipulagt með hliðsjón af markmiðum aðalnámskrár. Hver nemandi vann markvisst með ákveðið markmið þar til hann hafði náð tökum á öllum grunnþáttum. Hvert markmið var bútað niður í smærri námsþætti og reynt að hafa fjölbreytt námsmat við hvert markmið. Þegar nemandi hafði farið í gegnum ákveðinn kjarna, lagði hann mat á eigin færni í þeim námsþáttum sem hann hefur verið að vinna með og hvort hann væri tilbúinn í námsmat (sjá nánar í kafla um sjálfsmat hér á eftir). Námsmatið fór fram þegar nemendur töldu sig tilbúna og fór því fram á mismunandi tíma. Nemendur fengu niðurstöður oftast jafnóðum voru þær notaðar til að taka ákvörðun um framhaldið. Nemendur héldu t.d. ekki áfram fyrr en ákveðnu lágmarki harði verið náð.

(Markmið: Almenn brot, lagt fyrir eftir blað 5.1)

Munnleg könnun í stærðfræði

Nafn: _____

Námsþættir	Spurningar	Spurningar	Umsögn/stig
Hugtökin fjórðungur og þriðjungur	Hvað er þriðjungur? Hvað er fjórðungur?	Finndu fjórðung af tölunni 20. Í bekk einum eru 21 nemandi, þriðjungur þeirra er með ljóst hár. Hve margir eru það?	Gefur 4 stig. Fær _____ stig
Get ráðað og borið saman brotin $1/2$, $1/3$, $1/8$, $1/6$, $1/12$	Hvort er stærra brotið $1/8$ eða $1/3$?	Ráðaðu brotunum eftir stærð.	Gefur 2 stig. Fær _____ stig
Get skráð hluta af fjölda sem almennt brot	7 af 21 íspinna er með súkkulaði. Hvað er það stór hluti?		Gefur 1 stig Fær _____ stig
Get skráð brot sem sýna jafnstóra hluta t.d. $1/2 = 2/4$	Hvað getur þú skráð $1/2$ á marga vegu?	Getur þú skráð eitthvert brot á fleiri en einn hátt?	Gefur 2 stig Fær _____ stig
Get notað almenn brot til að lýsa fjölda, magni og stærð	Búðu til eitt dæmi til að lýsa einhverju hlutfalli í fjölskyldu þinni t.d. $2/5$ af fjölskyldunni er með gleraugu.		Gefur 1 stig Fær _____ stig
Veit hvað teljari er	Hvað er teljari?		Gefur 1 stig Fær _____ stig
Veit hvað nefnari er	Hvað er nefnari?		Gefur 1 stig Fær _____ stig

Samtals 12 stig.

Nemandi fær _____ stig.

Mynd 6: Dæmi um munnlega könnun í stærðfræði

Þessi aðferð reyndist hafa marga kosti. Nemendur fá niðurstöður strax og þeim finnst gaman að taka munnlegt próf. Þeim virðist líka finnast notalegt að fá stund með kennaranum þar sem þeir hafa hann útaf fyrir sig. Nokkrir nemendur sem áttu við

lestrarörðugleika eða einbeitingarskort að stríða komu vel út úr þessum könnunum. Hið sama gilti um nokkra nemendur sem áttu erfitt með uppsetningu og skipulag. Því má segja að þessi aðferð auki á fjölbreytni námsmats. Ekki sakar hve fljótlegt er að prófa nemendur með þessum hætti.

Óhefðbundin próf

Nokkrir kennarar prófuðu óhefðbundin próf. Nefna má munnleg próf, „svindlpróf“, heimapróf og samvinnupróf. Hér á undan var gerð grein fyrir munnlegu prófunum og verður hér stuttlega vikið að öðrum gerðum óhefðbundinna prófa sem reynd voru.

„Svindlpróf“

Haldin voru svokölluð „svindlpróf“ í samfélagsfræði 9. og 10. bekk. Nemendum var leyft að hafa „svindlmiða“ með sér í prófið, en það var ein A4 blaðsíða sem nemendur undirbjuggu heima. „Svindlmiðinn“ sjálfur var einnig metinn til einkunnar (gilti 10%).

Mat kennaranna var að að nemendur hefðu lært mikið á að útbúa miðana. Þeir urðu að reyna að átta sig á því hver væru aðalatriðin úr köflunum og hvernig líklegt væri að prófið myndi vera. Þeir höfðu einnig takmarkað pláss og urðu því að vanda skriftina og nýta það vel undir þær upplýsingar sem þau vildu hafa. Þetta krafði nemendur um undirbúning, skipulag og að geta dregið saman aðalatriði af nákvæmni. Nemendur lögðu sig fram við að gera miðana. Mat kennaranna var einnig að „svindlpróf“ væru jákvæð leið til þess að gera nemendum kleift að tileinka sér betur efni samfélagsfræðinnar og án utanbókarlærdóms sem vill oft loða við þessa námsgrein.

„Svindlmiðinn“ var prófaður tvisvar. Í fyrra sinnið áttu nemendur að handskrifa hann, en í seinna skiptið máttu þeir semja hann í tölvu. Nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og sögðust hafa lært mikið af þessu, sérstaklega vegna vinnunnar sem fór í að útbúa miðana.

Heimapróf

Samfélagsfræðikennarar í 9. bekk reyndu heimapróf sem byggðist á því að nemendur fengu prófið heim með sér og áttu að skila því fullunnu daginn eftir. Prófið gekk ágætlega að öðru leyti en því að nokkrir nemendur skiluðu ekki prófinu. Mat kennaranna var að þetta væri ágæt leið til að dýpka skilning nemenda á efninu. Hins

vegar þarf að finna leið til að bregðast við því ef nemendur skiluðu ekki, jafnvel að láta slíka nemendur vinna prófið í skólanum með aðstoð bóka og glósa.

Nemendur voru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag en nokkrum fannst þetta erfitt.

Samvinnupróf

Samvinnupróf er hugmynd fengin úr Salaskóla (Sigrún Björk Cortes, 2006). Kennarar í 5.-6. bekk Hrafnagilsskóla prófuðu þessa aðferð. Samvinnuprófið samanstóð af þeim námsþáttum í málfræði sem nemendur höfðu verið að læra. Nemendur fengu að leysa prófið tveir og tveir saman, en hver fékk engu að síður sitt prófhefti.

Tilviljanakennt var að hluta hvernig valið var í hópa, en þess var gætt að ekki lentu saman tveir mjög sterkir námsmenn eða tveir slakir. Nemendum var gerð grein fyrir mikilvægi þess að bæði prófheftin væru eins unnin því þeir vissu ekki hvort heftið yrði metið. Greinilegt var að nemendur lærðu mikið hver af öðrum við að taka prófið. Þeir þurftu að ræða um efnið og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Samvinna var ekki metin sérstaklega en kennarar gengu á milli og fylgdust með (án þess að skrá nokkuð hjá sér) og þurftu í byrjun að sannfæra nokkra nemendur um gildi þess að vinna prófið með öðrum. Þegar á leið kom í ljós að allir voru mjög sáttir og virkir í vinnunni.

Samvinnupróf voru einnig notuð íslensku í 9. og 10. bekk. Í báðum bekkjunum var um að ræða lesskilningspróf úr nútímabókmenntum. Prófað var úr *Englum alheimsins* eftir Einar Má Guðmundsson og *Kular af degi* eftir Kristínu Marju Baldursdóttur.

Í 9. bekk var dregið í tveggja manna pör en kennari valdi pörin í 10. bekk. Áður en prófið hófst fengu nemendur útskýringar á fyrirkomulaginu og tækifæri til þess að spyrja um prófið. Þeir fengu að vita að þeir gætu rætt spurningarnar sín á milli og þrjú pör fóru á bókasafnið, eitt þar fór fram á gang og sex pör voru í stofunni. Nemendur voru beðnir að tala í lágum hljóðum og þeim bent á að velja sér ritara.

Tveir kennarar voru í 9. bekk og annar hafði skráningarblað hjá sér og skráði hjá sér upplýsingar um virkni nemenda. Báðir kennarar gengu á milli, fylgdust með og hjálpuðu ef þess þurfti. Allir nemendur tóku þátt og voru virkir. Einn eða tveir nemendur töluðu lítið en hvorugur þeirra var ritari. Þessir nemendur eru oft lítið virkir í tímum og þurfa mikinn tíma til að klára verkefni.

Eftir samvinnuprófið héldu kennarar matsfund með nemendum þar sem fram kom að þeim fannst frábært að hafa annan nemanda til að ræða við um lesskilningss-
purningar. Nemendur sögðust ekki vilja samvinnupróf í neinu þar sem svarið væri
annað hvort rétt eða rangt en í svona bókmenntaprófum fannst þeim það mjög gott.
Þeir sögðu líka að þetta væri góð tilbreyting og að þetta hefði verið skemmtilegt próf.

Mat kennara var að samvinnuprófið hefði tekist vel. Nemendur voru niðursokknir í
verkefnið. Augljóst var að þau lærðu mikið af prófinu.

Sjálfsmat og jafningjamat

Í 2. bekk var sjálfsmat nemenda notað í tengslum við áformsbækur þar sem
nemendur mátu hegðun sína og færni í samskiptum daglega. Sjálfsmat var einnig
notað í tengslum við ákveðin verkefni í stærðfræði og samfélagsfræði. Þá mátu
nemendur þrisvar yfir veturinn líðan sína í skólanum bæði í einstökum námsgreinum
sem og í öðru skólastarfi t.d. frímínútum og matsal.

Sjálfsmatsverkefni voru einnig notuð í 3.–4. bekk og voru nemendur oftast ánægðir
með þessar kannanir. Ljóst var að þetta hjálpaði þeim að átta sig á því hvað þeir
væru að gera vel og hvar þeir þyrftu að bæta sig.

Eins og fram hefur komið létu kennarar í 3.-6. bekk nemendur áætla vinnu sína einu
sinni í viku. Í tengslum við þessi áform sín lögðu nemendur skriflega mat á það
hvernig námið hafið gengið; hvað gengið hafði vel og hvað hefði mátt betur fara.
Þetta var kallað ígrundun. Á mynd 7 er dæmi um áformsblað, en fleiri er að finna á
heimasíðu þróunarverkefnisins á þessari slóð: <http://kennsla.krummi.is/>

Ég kem í skólann til að læra

Vikan: _____

Stærðfræði

Markmið _____
 Áform _____

Íslenska

Markmið _____
 Áform _____

Heimanám

Fyrir næsta skólkennispart þarf að ljúka við:

Ígründun

Hvað gekk vel:

Hvað má betur fara:

Skilaboðaskjöldur

Mynd 7: Eyðublað fyrir áform

Eins og fram kom hér að framan lögðu nemendur í 5.–6. bekk sjálfir mat á kunnáttu sína í stærðfræði og hvort þeir væru tilbúnir að taka próf í efninu. Dæmi um gátlista sem stuðst var við er að finna á 8. mynd.

Matsblað í stærðfræði
5. bekkur

Stærðfræði (5.1)

Almenn brot

Námsþættir	Ég get þetta vel	Ég er á góðri leið	Ég get þetta ekki enn
Skil hugtökin fjórðungur og bríðjungur			
Get raðað og borið saman brotin $\frac{1}{2}$, $\frac{1}{3}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{6}$, $\frac{1}{12}$			
Get skráð hluta af fjólde sem almennit brot			
Get skráð brot sem sýna jafnstóra hluta t.d. $\frac{1}{2} = \frac{2}{4}$			
Get notað almenn brot til að lýsa fjólde, magni og stærð			
Veit hvað teljari er			
Veit hvað nefnari er			

Kjarni:
Geisli 1A bls. 40 – 47

Ítarefni:
Vinnuspjald 32 og 34 (Geisli 1A), Hringur 1 – Brot, Mars – dæmi á bls. 1,2,8,9,15 og 23, lífsrituð blóð í plastvase.

Námsmat: Munnlegt próf hjá kennara

Mynd 8: Sjálfsmatsblað í stærðfræði

Í þróunarverkefninu *Ég kem í skólann til að læra* í 3.–6. bekk unnu nemendur að ýmsum þemaverkefnum í hópum (Eldgos, Risaeðlur, landnámið, Snorri Sturluson) og lögðu í lokin mat á eigin vinnu, sem og á frammistöðu hópsins.

**Hversu vel vinn ég... (hópvinnu)**

Nafn: _____ dags: _____

	Alltaf	Venjulega	Stundum	Aldrei	Ekkí vísst
Ég tek þátt í verkefnum					
Ég hef gaman af að glíma við ný viðfangsefni					
Ég sækist eftir að vinna í hóp					
Ég vinn vel með öðrum					
Ég vinn vel ein(n)					
Ég deili hugmyndum mínum með öðrum					
Ég hlusta vel á aðra					
Ég er kurteis					
Ég reyni að hætta ekki fyrr en verkefninu er lokið					
Ég hef stjórn á skapi mínu þó ég sé ekki sammála					

Mynd 9: Mat nemenda á eigin frammistöðu í hópvinnu. Fleiri matstæki tengd hópvinnubrögðum er að finna á heimasíðu þróunarverkefnisins Ég kem í skólann til að læra á þessari slóð: <http://kennsla.krummi.is/>

Mat kennara á þýðingu sjálfsmats var yfirleitt jákvætt. Þessi aðferð væri góð leið til að auka áhuga nemenda á að standa sig vel bæði í námi og samskiptum.

Helstu fyrirvarar tengdust yngstu börnunum um að þau ætti erfitt með að meta raunsætt. Einnig mætti nefna að sumum hætti til að meta hegðun sína og samskipti betri en efni stóðu til. Á móti kom að þá gæfist færi á að ræða við nemandann um það sem betur má fara.

Sumir nefndu að áriðandi væri að vinna með nemendum að því að ígrundun þeirra yrði dýpri og markvissari.


Gátlistar, matslistar og marklistar

Margir kennarar reyndu fyrir sér með gátlista (enska: checklist), matslista (enska: rating scale) og marklista (enska: scoring rubric, einnig nefndir sóknarkvarðar á íslensku).

Gátlisti er eyðublað þar sem kennari mirkir við hvort tiltekin atriði hafa komið fram án þess að leggja mat á þau.

Kennarar 3.–4. bekkjar þjuggu til gátlista m.a. fyrir íslensku og stærðfræði með hliðsjón af námsþáttum í Aðalnámskrá grunnskóla þar sem hægt var að merkja við hvað nemendur kunnu eða hvað þurfti að þjálfna betur. Mat kennara var að þetta hefði auðveldað þeim að glöggva sig á stöðu nemenda. Sýnishorn af gátlista í íslensku er að finna í fylgiskjali, bls. 40.

Annað dæmi er gátlisti sem notaður var við reglulegt mat kennara á vinnusemi og vinnubrögðum í stærðfræði og íslensku í 5.–6. bekk:

		Ég kem í skólann til að læra						
Dags: _____		Gátlisti—mat á vinnubrögðum og vinnusemi.						
Nafn	Sjálfstæður	Kemur sér fljótt að verki	Íðin/n	Skilar góðu verki	Hefur hugmyndaflug	Skapandi	Sjálfgagnrýnin	Gerir kröfur til sín

Mynd 10: Gátlisti

Gátlistinn var notaður mánaðarlega í íslensku og stærðfræði. Þeir þættir sem kennarar merktu oftast við voru: Sjálfstæði, fljóttur að koma sér að verki og íðin/n. Í

upphafi var listinn kynntur fyrir nemendum og þeim sagt að hann yrði lagður fyrir reglulega og nýttur í námsmati í annarlok. Í þeim tímum sem kennarar höfðu gátlistann til hliðsjónar var nemendum ekki tilkynnt sérstaklega að verið væri að meta. Í lok annar voru gátlistarnir hafðir til hliðsjónar við gerð umsagna um hvern nemanda.

Nokkrir matslistar voru búnir til í tengslum við þróunarverkefnið, en þeir byggja á því að auk þess að merkja við tiltekna frammistöðu er mat lagt á hana. Dæmi um það er þessi matslisti sem notaður var í tengslum við verkefni með hliðsjón af Gísla sögu Súrssonar.

Matsblað á hópastarfi í Gísla sögu Súrssonar

Dagsetning: _____

F=framúrskarandi MG=mjög gott G=gott ÍL=í lagi Á=ábótavant Ó=óviðunandi

Hópur 1	Virkni	Ahugi/jákvæðni	Vinnubrögð	Samvinna	Ábyrgð	Óþarfa ráp!
Anna María						
Erla						
Jónas						
Stefanía						

Hópur 2	Virkni	Ahugi/jákvæðni	Vinnubrögð	Samvinna	Ábyrgð	Óþarfa ráp!
Almar						
Guðmundur						
Þorsteinn						
Silvía						

Mynd 11: Matslisti sem notaður var í tengslum við verkefni úr Gísla sögu

Marklistar (einnig nefndir *sóknarkvarðar*) byggja á að reyna að skilgreina fyrirfram viðmiðanir sem gefa nemandanum til kynna hversu vel honum hefur tekist með verkefni eða við frammistöðu. Sem dæmi má nefna lista sem tónmenntakennari skólans samdi (sjá mynd 12) og notaði var við mat á frammistöðu nemenda einu sinni á önn. Þessi listi gafst mjög vel og auðveldaði kennaranum að semja umsagnir um nemendur. Þá var listinn notaður í foreldraviðtölum og gaf þar einnig góða raun.

Marklisti í tónmennt

Nafn : _____

Flokkur	2 stig	1 stig	0 stig
Hreyfing	Tekur alltaf virkan þátt í hreyfingu, hvort sem það er í dansi eða söng.	Tekur oftast þátt í hreyfingu	Tekur nánast aldrei þátt í hreyfingu í tónlist.
Hegðun	Situr kyrr, kemur fram við aðra af virðingu og er öðrum fyrirmynd.	Situr oftast kyrr og kemur fram við aðra af virðingu.	Situr nánast aldrei kyrr, þírrar aðra, notar óviðeigandi orðbragð og kemur fram við aðra af virðingarleysi.
Söngur	Syngur fallega og af innlifun.	Syngur oftast og þá mjög fallega.	Syngur nánast aldrei með og ef nemandinn syngur þá er það til að trufla aðra.
Umræður	Tekur virkan þátt í umræðum, hlustar á aðra og meðtekur það sem kennarinn er að segja.	Tekur oftast þátt í umræðum hlustar á aðra og meðtekur svona nokkurn veginn það sem kennarinn er að tala um.	Tekur nánast aldrei þátt í umræðum hlustar ekki á aðra og meðtekur ekki neitt sem kennarinn er að segja.

Mynd 12: Marklisti í tónmennt

Íþróttakennararnir bjuggu einnig til marklista og notuðu bæði í íþróttum og sundi og var hann notaður eftir hverja kennslustund. Mat íþróttakennaranna var að þessi listi hefði gefið góða raun.

Mat á vinnusemi og hegðun í íþróttum

Stig 0

- Truflar aðra nemendur.
- Særir tilfinningar annara.
- Sýnir öðrum óvirðingu.
- Tekur ekki þátt í tímanum.
- Hætta stafar af hegðun.

Stig 1

- Vinnur ekki það sem til er ætlast.
- Fer illa með áhöld og tæki.
- Fylgir ekki fyrirmælum.
- Segir ítrekað "nenni ekki", "get ekki" o.s.fv.
- Talar meðan aðrir hafa orðið.

Stig 2

- Gerir ekki alltaf sitt besta.
- Vinnur ekki allaf verkefni sem á að vinna.
- Þarf áminningu um hegðun og umgengni

Stig 3

- Vinnur það sem til er ætlast.
- Gerir sitt besta.
- Gengur vel um áhöld og tæki.
- Vinnur vel með öðrum.
- Tekur alla með.

Stig 4

- Er hjálpsamur/söm.
- Er félagi allra ekki bara vana sinna.
- Sýnir öðrum góðvild.
- Sýnir öðrum virðingu.
- Fylgir öryggisreglum.
- Sýnir frumkvæði í þjálfun.

Mynd 13: Marklisti fyrir íþróttir

Uppskeruhátíðir

Með uppskeruhátíðum er átt við viðburði sem skipulagðir eru til að sýna afrakstur náms. Á ensku eru hátíðirnar kallaðar *learning celebrations*. Uppskeruhátíðir henta sérstaklega vel í kjölfar umfangsmikilla verkefna, t.d. heildstæðra viðfangsefna.

Sem dæmi má nefna að haustið 2005 unnu nemendur í 8. bekk Hrafnagilsskóla að umfangsmiklu verkefni eftir að hafa lesið Hrafnkelssögu Freysgoða þar sem lokaafurðirnar voru m.a. hannaðar flikur á dúkkulísur, landakort með staðháttum, bústaðir söugpersóna, leikrit og fleira. Í lokin var haldin uppskeruhátíð þar sem foreldrum og skólustjórnendum var boðið að koma. Nemendur sýndu verk sín og foreldrar skoðuðu og mátu vinnu nemenda. Krakkarnir voru mjög ánægðir með uppskeruhátíðina og augljóst að þeir tóku mikið mark á á foreldrum sínum. Augljóst

var að foreldrar sýndu verkefninu mikinn áhuga.

Haustið 2006 unnu nemendur ú 9.-10. bekk þemaverkefni um siði í tengslum við *Dag Íslenskrar tungu* sem var tileinkaður Jónasi Jónassyni frá Hrafnagili. Nemendur skoðuðu *Íslenska þjóðhætti* sem Jónas tók saman og máttu í kjölfarið velja sér einn sið til að fjalla um. Niðurstaðan varð sú að unnið var í tveimur hópum, annar valdi jólin og hinn brúðkaupssiði. Nemendur máttu ráðu skilum á verkefninu en vissu að vinnan endaði með uppskeruhátíð þar sem öllum foreldrum og sveitungum yrði boðið í skólann á stóra hátíð. Þetta hleypti metnaði í nemendur og þeir vildu strax fara óhefðbundar leiðir. Miklar umræður spunnust um þetta. Annar hópurinn fór í Jólahúsið og hinn á sýningu um brúðkaup í Minjasafni Akureyrar og á Brúðarkjólaleigu Akureyrar til að afla sér upplýsinga.

Hóparnir þurftu að svara spurningum og skila mér skriflegri skýrslu um siði sína en annars lagði kennari mat á frammistöðu þeirra á sýningunni.

Skemmst er frá því að segja að sýningin tókst afar vel og nemendur fengu jákvæð viðbrögð. Nemendur settu upp sýningarbása og lögðu í það mikla vinnu. Til sýnis voru m.a. fjögur brúðhjón (nemendur), brúðkaupsgjafir voru fengar að láni frá ömmum og öfum, gamalt og nýtt jólaskraut var til sýnis og nemendur í jólahópnum bökuðu piparkökur.

Umsagnir og einkunnir

Í ensku unnu nemendur að verkefni þar sem þeir tóku tré í fóstur! Verkefnið var kallað *Tree Adoption* og áttu nemendur að velja sér tré í skólaskóginum og afla eftirfarandi upplýsinga um það:

Tree Adoption

Go to the school's forest and find yourself a tree to adopt. When you have decided on a tree find the following information and write them down in English.

What kind of a tree is it? Write down all its characteristics.

Height _____

Width _____

Why did you choose this tree?

What does your tree need to stay alive?

Mynd 14: Verklýsing fyrir Tree Adoption verkefnið

Síðan áttu nemendur að búa til bók um tréið sitt þar sem fram kæmu þær upplýsingar sem lýst er á næstu mynd:

Make a book including the following details about your tree

- *The information you have already gathered when adopting the tree.*
- *Give your tree a name.*
- *Draw the tree.*
- *Take a photo of the tree*
- *Find out about its seeds*
- *Find out if it has animals living in it.*
- *Try to estimate when it was planted, (a rough guessing).*
- *What kind of area is it standing in, or close to?*
- *Try to sit comfortably by your tree and listen with your eyes closed. What did you hear? List the sounds.*
- *Write a story which includes your tree.*
- *Make an introduction of your tree to read out to your class*
- *Make your own questions and interview your parents or siblings about trees. Write the answers down.*
- *Anything else you would like to add to your book*



Mynd 15: Verklýsing fyrir Tree Adoption verkefnið

Nemendur skiluðu bókunum fullnum og fengu einkunnir fyrir innihald, útlit og sjálfstæða úrvinnslu verkefnanna í bókinni. Síðan skiluðu nemendur munnlegri skýrslu fyrir hópinn um efni sem þeir höfðu valið sér. Við einkunnuagjöfina studdist kennarinn við matskvarðann sem sjá má á næstu mynd:

Tree adoption

Einkunn	Skriflegar úrlausnir	Verklegir þættir	Færni
	Saga, viðtal og ljóð	Bókin sjálf	Munnlegur flutningur
9,0–10,00	Verkefnið vel leyst að öllu leyti. Úrlausnir einkennast af frjófri og skapandi hugsun og innsæi. Efnistöð mjög góð. Markviss greining og sjálfstæð úrvinnsla. Ítrasta vandvirkni. Framúrskarandi tók.	Mjög vel unnið verk að öllu leyti. Úrlausnir einkennast af frjófri og skapandi hugsun og innsæi. Ítrasta vandvirkni. Framúrskarandi útfærsla.	Leysir viðfangsefnið mjög vel. Sýnir mikið öryggi. Skapandi útfærsla. Afbrigðis tækni. Framburður fullkominn. Leggur sig fram til hins ítrasta og er vel undirbúinn.
8,0–8,5	Gott verkefni – flestum þáttum gerð ágætt skil. Vel uppbyggt verk. Verkefnið einkennist af gagnrýninni hugsun. Vel unnið verk sem sýnir rökræna túlkun og nokkurt innsæi.	Vel unnið. Góð tók á öllum þáttum. Tækni í góðu lagi. Nokkur frumleiki. Góð vinnubrögð	Vel leyst. Framburður mjög góður. Öruggt tók á öllum færniþáttum. Leggur sig fram og er vel undirbúinn.
7,0–7,5	Verkefnið er fyrst og fremst lýsandi en ekki greinandi. Nemandinn leggur lítið af mörkum frá eigin brjósti. Flestum efnisatriðum eru gerð fullnægjandi skil. Uppbygging í lagi.	Nokkuð vel unnið en ekki frumlegt. Tækni í lagi. Góð vinnubrögð.	Nokkuð vel leyst en herslumun vantar á öryggi. Nokkrar framburðarvillur. Leggur sig fram og er undirbúinn.
6,0–6,5	Viðunandi verk, en nokkrir þættir gallaðir. Sem dæmi má nefna hnökra í uppbyggingu, samhengi er lítið og frágangi áfátt. Sjálfstæð úrvinnsla í lágmarki.	Viðunandi verk en gallað að nokkru leyti. Lítil vandvirkni.	Viðunandi, en nokkrir hnökur. Nokkuð vantar á öryggi. Framburður stíður og nokkur orð borin rangt fram. Leggur sig lítið fram og undirbúningur greinilega lítill.
5,0–5,5	Gallað verk en einhverjum þáttum gerð sæmileg skil.	Gallað verk sem stenst lágmarkskröfur. Óvönduð uppsetning.	Ræður ekki vel við viðfangsefnið en einhver atríði í lagi. Framburður stíður og mikið af orðum sem eru rangt borin fram. Leggur sig ekki fram og hefur ekki undirbúið sig nógu vel.
4,0–4,5	Skil í flestum atriðum ófullnægjandi.	Ófullnægjandi verk.	Ófullnægjandi frammistaða.

Nafn: _____

Einkunn: _____

Mynd 16: Matskvarði fyrir Tree Adoption verkefnið

Niðurstöður

Eitt helsta markmið þróunarverkefnisins í Hrafnagilsskóla var að auka fjölbreytni í námsmati og minnka vægi skriflegra prófa. Umræðan innan skólans um ofurvægi skriflegu prófanna var eins og fram hefur komið einn helsti hvatinn að verkefninu. Óhætt sýnist að fullyrða að vel hafi miðað að þessu markmiði. Kennarar skólans prófuðu fjölmargar aðferðir með skipulegum hætti og lögðu mat á árangurinn. Próf voru vissulega notuð áfram, en aðrar aðferðir skipuðu stóran sess.

Mat flestra kennaranna var að verkefnið hefði skilað góðum árangri. Hér skulu nefnd nokkur dæmi.

Mat kennara 1.–2. bekkjar var „að vel hafi tekist til og námsmat sé nú með fjölbreyttara sniði en áður. Allir hafa nýtt sér gát- og eða marklista í meira mæli en áður og sýnismöppur eru orðnar að veruleika í 1. og 2. bekk“.

Í skýrslu sinni sögðu kennarar í 5.–6. bekk um árangur verkefnisins: „Námsmatið var fjölbreyttara og ánægjulegra fyrir nemendur og kennara.“

Mat heimilisfræðikennara var að nú hefði fengist „betri yfirsýn á framfarir nemenda“ og niðurstaða textilkennara var að fjölbreyttari námsmatsaðferðir hefðu stutt „við markvissari vinnubrögð bæði hjá nemendum og kennaranum“ auk þess að gefa og „nemendum, foreldrum og kennara meiri vitneskju um stöðuna.“

Verkefninu var ætlað að gefa kennurum skólans tækifæri til að þróa námsmatsaðferðir sínar með skipulegum hætti og einnig var stefnt að því að miðla þessari reynslu til annarra (samstarfsfólks, starfsmanna í öðrum skólum, foreldra). Þetta hefur verið gert með margvíslegum hætti. Fyrst er að nefna innanhússþingið þar sem einstaklingar og hópar greindu frá reynslu sinni. Í öðru lagi má nefna að tveir af kennurum skólans hafa kynnt verkefnið í öðrum skólum, á þingum, ráðstefnum og námskeiðum og ljóst að á því verður framhald. Ritstjóri þessarar skýrslu hefur fylgst með nokkrum þessara kynninga og getur fullyrt að þær hafa vakið mikla athygli. Þá má enn vekja athygli á heimasíðu verkefnisins <http://kennsla.krummi.is/> þar sem hægt er að nálgast öll helstu gögn sem til urðu í tengslum við verkefnið. Loks er að nefna þá kynningu sem felst í þessari skýrslu.

Eitt markmiða verkefnisins var orðað með þeim hætti að skapa skyldi vettvang fyrir kennara skólans til að dýpka þekkingu sína á fjölbreyttum og áhugaverðum kennslu- og námsmatsaðferðum, einkum þeim sem henta til að einstaklingsmiða nám og kennslu. Eftirfarandi tilvitnanir í skýrslur kennara benda til þess að vel hafi miðað að þessu markmiði:

Okkur finnst námsmatið hafa litað alla okkar kennsluhætti og styrkt okkur sem kennara.

Þar sem ég hef nú starfað ansi lengi við kennslu tel ég að hér hafi ég fundið nýja leið sem ýti undir metnað og námsáhuga nemenda ef rétt er á spilum haldið. Því má segja að verkefnið um námsmat hafi haft mjög jákvæð áhrif á kennsluhætti mína.

Við hugsuðum á annan hátt um námsmatið og spáðum meira í hvað ætti að meta. Við notuðum meira gátlista og mat á vinnubrögðum var markvissara.

Viðhorf nemenda gagnvart hinum nýju námsmatsaðferðum voru yfirleitt jákvæð eins og sjá má í þessum skýrslum kennara:

Nemendum fannst skemmtilegra í námsmati en áður og þeir voru áhugasamari um námsmat og niðurstöður. Nemendur voru meðvitaðri um stöðu sína í námi og veikar og sterkar hliðar.

Flestir nemendur voru jákvæðir í garð námsmappanna og lögðu sig fram. Stelpunum fannst mjög gaman að „föndra“, þ.e.a.s. að finna myndir af áhugamálum, fjölskyldu og vinum og skreyta möppuna. Margir strákar fundu sig einnig í þessum hluta, en áberandi var hve mikið þeir notuðu tölvutækni til skreytinga.

Viðhorf foreldra til verkefnisins voru ekki könnuð sérstaklega. Ýmislegt má þó ráða um þetta af skýrslum kennarann, eins og hér má sjá:

Þar sem um unga nemendur er að ræða tel ég að þau álykti að svona sé unnið í 2. bekk og átta sig lítið á að um breytingu sé að ræða. Hinsvegar eru foreldrar almennt afar ánægðir og sérstaklega finnst þeim gaman að skoða sýnismöppur barna sinna og sjá hvað þeim fer fram í náminu.

Þá voru viðhorf foreldra til svokallaðs sýnismöppudags sérstaklega jákvæð eins og komið hefur fram í þessari skýrslu.

Mat stjórnenda er að þróunarverkefnið *Fjölbreytt námsmat* sé það verkefni sem gengið hefur hvað best af þeim verkefnum sem unnin hafa verið að í Hrafnagilskóla undanfarin ár. Af starfsháttum kennara á þessu skólaári að dæma þá hefur að talsverðu marki tekist að þróa og festa í sessi það sem stefnt var að. Það styrkti líka verkefnið að það tengdist mjög öðru þróunarverkefni í skólanum, *Ég kem í skólann til að læra*, sem er innleiðing einstaklingsmiðaðra kennsluhátta. Eftir á að hyggja er stundum erfitt að segja hvar öðru sleppir og hitt tekur við.

Strax í upphafi skapaðist öflugur vinnuandi og kennarar voru tilbúnir að takast á við verkefnið. Jafnframt skapaðist frjó umræða sem skilaði sér í ígrundun um eigið starf. Meirihluti kennara fléttaði verkefnið inn í daglega vinnu og því var ekki um að ræða viðbótarvinnu sem stundum verður þung í skauti í þróunarvinnu sem þessari. Flestir kennarar tileinkuðu sér breytt viðhorf og starfshætti við námsmat og hjá þeim gekk eftir að draga úr vægi skriflegra prófa og auka fjölbreytni í námsmati.

Kynnisferð til Reykjavíkur þar sem valdir skólar voru heimsóttir, gagngert til að sjá með eigin augum mismunandi leiðir sem verið er að feta, tókst mjög vel og varð tilefni umræðna og auðveldaði sumum að sjá fyrir sér framkvæmd ýmissa námsmatsleiða sem ráðgjafi var búinn að fjalla um áður.

Það sem betur mátti fara tengist einkum skriflegum skilum af hálfu kennara á áætlunum sem og mati þeirra á hvernig gekk að fylgja þeim eftir. Ganga verður sérstaklega eftir því að skilafrestur sé virtur en jafnframt að skýr fyrirmæli verði gefin um hvað slíkar áætlanir sem og mat á þeim eigi að innihalda. Með sama hætti ætti skrifum á lokaskýrslu að ljúka fljótlega eftir að formlegu verkefni lýkur.

Til bóta væri að gera fastmótaða verkefnisáætlun í samvinnu ráðgjafa og stjórnenda. Enda þótt skólastjórnendur hafi gert slíka áætlun og fylgt henni eftir þá væri styrkur af því að vinna hana enn frekar í samstarfi við ráðgjafa.

Einnig má velta fyrir sér hlutverkaskiptingu ráðgjafa og skólastjórnenda eða þeirra sem hafa með verkefnisstjórnina að gera. Þátttakendum ætti að vera ljóst að ef ráðgjafi er á staðnum þá er það hann sem leiðir verkefnið. Þess á milli eru það stjórnendur verkefnisins sem það gera.

Mat ráðgjafa er að vel hafi tekist til í þessu verkefni og að það sé að mörgu leyti til fyrirmyndar. Mjög gaglega var staðið að öllum þáttum af hendi kennara, þróunarhóps og stjórnenda. Í upphafi voru gerðar vandaðar áætlanir og þeim var yfirleitt fylgt eftir með markvissum hætti. Kynnisferð í aðra skóla skilaði einnig góðum árangri, enda var ferðin vel undirbúin og skynsamlega úr henni unnið.

Eins og komið hefur fram í þessari skýrslu voru þau viðfangsefni sem í var ráðist mjög fjölbreytt og útfærsla margra hópanna einkenndist af miklum metnaði. Þá er sú ákvörðun að leggja öll gögn úr verkefninu fram á heimasíðu skólans mjög til

eftirbreytni. Vitað er að kennarar í öðrum skólum hafa nýtt sér þetta efni með ýmsum hætti.

Heimildir

Hrafnagilsskóli (2007). *Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í Hrafnagilsskóla: Ég kem í skólann til að læra*. Sótt 1. október 2007 á <http://kennsla.krummi.is/>

Ingvar Sigurgeirsson (1999). Námsmat byggt á traustum heimildum ... Í Helgi Skúli Kjartansson o.fl. Steinar *í vörðu, til heiðurs þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri*, (bls.147–169). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Ingvar Sigurgeirsson (2002–2007). *Kennsluáðferðavefurinn*. Sótt 1.9. 2007 á <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/index.htm>

Sigrún Björk Cortes (2006). Einstaklingsmiðun og námsmat. *Skíma*, 29(2), 27–29.

Fylgiskjal



Gátlisti

Íslenska 3.-4. bekk

Í þessum gátlista er að finna hugtök tengd íslensku. Gert er ráð fyrir að nemendur í 4. bekk hafi náð nokkuð góðum tókum á þeim öllum í lok skólaársins. Farðu vel yfir listann og merktu við atriði sem þú kannt.

Fallorð

- nafnorð
- samnöfn og sérnöfn
- fallbeyging
- sambeyging
- eintala og fleirtala
- kyn orða
- laus greinir

Lýsingarorð

- frumstig
- miðstig
- efsta stig
- persóna
- fornafn
- töluorð (einn)
- raðtala (fyrsti)

Nafnorð

- samnöfn og sérnöfn
- fallbeyging
- sambeyging
- eintala og fleirtala
- kyn orða
- laus greinir

Lýsingarorð

- frumstig
- miðstig
- efsta stig
- persóna
- fornafn
- töluorð (einn)
- raðtala (fyrsti)

Sagnorð

- nafnháttur sagnorða
- fleirtala
- eintala
- nútíð og þátíð

Hljóðfræði

- atkvæði
- sérhljóð
- samhljóð

Merkingarfræði

- andheiti
- samheiti
- margræð orð

Orðmyndun

- stofn
- forskeyti
- viðskeyti
- samsett orð
- ósamsett orð
- hopp og teygjuorð
- rím

Ritun

- skrifa skýrt
- vanda frágang
- bil á milli orða
- draga rétt til stafs
- setning
- málsgrein
- efnisgrein

Stafsetningarreglur

- stór og lítil stafur
- ng og -nk reglan
- y- reglan
- greinir
- efnisgrein
- merki (? ! " ; ; . ,)
- minn og mín reglan

Ýmislegt

- stafrófsröð
- orðtak
- málsháttur
- nota orðabók
- krossgátur

